



Dagsetning: 01.11.2019
Málsnúmer: 1910167/12.2

Til bæjarráðs

M I N N I S B L A Ð

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokkss er varðar stíg og bílastæði við Norðfjarðarvita

Á fundi bæjarráðs nr. 636 þann 28.október sl., kom fram fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins í bæjarráði.

Er um að ræða spurningu í þremur liðum. Spurningar og svör fylgja hér á eftir.

- A) *Hver var kostnaður Fjarðabyggðar á árinu 2019 við framkvæmd bílastæða og stígs?*
Kostnaður fyrir árið 2019 er kr. 16.825.113, sbr. fylgiskjal nr. 1.

- B) *Hvenær var síu ákvörðun tekin að fara í þessa framkvæmd og i hverju var síu ákvörðun fólgin, þ.e.a.s. umfang framkvæmda?*

Samkvæmt samningi þáverandi bæjarstjóra Fjarðabyggðar við Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða, verknúmer 18-0016, dags 23. apríl 2018 var ákveðið að fara í umrædda framkvæmd og skuldbatt Fjarðabyggð sig til að vera búin með verkið 14. desember 2018, sbr. 7. gr. samningsins, sbr. fylgiskjal nr. 2. Samþykkt var á fundi eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd (hér eftir nefnd ESU) nr. 202 þann 24. apríl 2018, að hefja framkvæmdir þá um sumarið. Umræddur liður var samþykktur á fundi bæjarstjórnar, nr.244 þann 3. maí 2018, sbr. fylgiskjal nr. 3.

Varðandi umfang framkvæmda þá er það svo í samningi aðila að verkið skyldi vera fjórir áfangar, áningarstaður og bílastæði í fyrsta áfanga, þjónustuhús í öðrum áfanga, göngustígur að útsýnisskífu og kringum hana í þriðja áfanga og í fjórða áfanga göngustígur að Páskahelli. Í deiliskipulagi sem gert var með þessar framkvæmdir í huga og samþykkt var í bæjarstjórn þann 6. apríl 2017, virðist hafa verið hugað að fleiri atriðum en samningurinn gerir ráð fyrir, m.a. að fára veginn við vitann, sbr. deiliskipulag sem finna má á slóðinni:

<https://www.fjardabyggd.is/Media/deiliskipulag-nordfjordur-folkvangur-neskaupstadar-utivistarsvaedi.pdf>.

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti svo á fundi sínum þann 12.nóvember 2018, fundi nr. 219, þessa framkvæmd. Í skjali sem fylgdi fundarlið var m.a. gert ráð fyrir vegi niður að vita, sem og mön við hann, sbr. fylgiskjal nr. 5. Ekki er ljóst af hverju deiliskipulag og umsókn í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða rímar ekki saman. Ástæða þessa var ekki skoðuð við vinnu þessa minnisblaðs en mögulega var umsóknin til Framkvæmdarsjóðs ferðamannastaða send inn áður en ESU tók sina ákvörðun. Þá var heldur ekki skoðað af hverju deiliskipulagið varð þess efnis sem hún er, en samkvæmt þáverandi nefndarmanni í ESU, var færslan á veginum gerð í tengslum við breytingu sem

samþykkt var á lóðum þegar raðhúsið við vitann var byggt. Þá voru sameinaðar lóðir að beiðni lóðarumsækjenda og vegurinn færður þá við deiliskipulagsbreytinguna.

- C) *Lá fyrir kostnaðarmat við framkvæmdina og var gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun fyrir 2019?*

Eins og áður er fram komið þá var umsókn til Framkvæmdarsjóðs ferðamannastaða ekki í samræmi við samþykkt deiliskipulag, né það sem var samþykkt var á fundi ESU þann 12.nóvember 2018. Daginn áður en umræddur fundur fór fram hjá ESU tók umhverfisstjóri að sér að óska eftir frekari styrk vegna breytinga á framkvæmdinni, sbr. fylgiskjal nr. 6. Í minnisbaði umhverfisstjóra til sviðstjóra framkvæmdarsviðs, sbr. fylgiskjal nr. 7, dags. 14. nóvember, þar sem sviðstjóri framkvæmdasviðs tók við verkefninu, er ekki minnst á þetta atriði, þ.e. að hægt sé að sækja um frekari styrk og á því enn eftir að sækja um styrk vegna þessarar framkvæmdar sem ESU samþykkti á fundi sínum 12. nóvember.

Þá fór bæjarráð yfir stöðu málsins á fundi nr. 607 þann 1. apríl 2019 og voru ekki gerðar athugasemdir. Sú fundargerð var svo samþykkt í bæjarstjórn, sbr. fylgiskjal nr. 8.

Landmótun lagði fram ítarlega úttekt á verkefninu til að nota við verðkönnun þegar ákveðið var að fara í það í nóvember 2018, sbr. fylgiskjal nr. 9.

Varðandi kostnaðaráætlun þá verður ekki séð að gerð hafi verið sérstök kostnaðaráætlun er varðar heildarframkvæmdina, enda er úthlutað við fjárhagsáætlunargerð á hverju ári fjárhæð inn á lykil 11310 fólkvangar, friðlönd og útivistarsvæði og eru verkefni sem þessi, í dag eru þrjú slík í gangi, unnin eftir því sem sú úthlutun leyfir.

Að lokum

Samkvæmt lögum nr. 123/2010 um skipulagi þá á framkvæmd sem þessi að fara fyrir ESU nefnd varðandi starfsleyfi, sbr. laganna, sbr. viðauka við samþykkti um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Á fundi sínum þann 24. apríl 2018 samþykkti ESU nefnd að hefja framkvæmdir sumarið 2018. Hér er spurning hvort sækja hefði átt með formlegri hætti um leyfi til framkvæmda.

Þá er það líka umhugsunarefni hvort það sé ekki rétt að fleiri aðilar séu hafðar með í ráðum við ákvörðun verkefna sem þessara þá sérstaklega menningar- og nýsköpunarnefnd sem mótar sýn í ferðamannamálum í sveitarfélagini. Þá er rétt að huga að því hvort fjalla eigi sérstaklega um hvaða verkefni á að fara í við fjárhagsáætlunargerð hvers árs.



Karl Ottar Pétursson
Bæjarstjóri




Marína Stefánsdóttir
Sviðstjóri framkvæmdasviðs

